

Akraneskaupstaður  
Skipulags- og umhverfissvið  
Stíllholti 16-18  
300 Akranes

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
22.9	Gesó	- 4. SEP. 2017
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SPH	SPH	1405059

### Varðar athugasemdir við deiliskipulag Dalbrautarreits

Lögð hefur verið fram til kynningar og athugasemda deiliskipulagstillaga að svonefndum Dalbrautarreit. Félag eldri borgara á Akranesi og í nágrenni sér sig knúið til þess að gera eftirfarandi athugasemdir í þeirri von að þær mættu leiða til nauðsynlegra breytinga áður en skipulagið verður endanlega staðfest:

Þann 26. mars 2014 var undirritaður samningur á milli Akraneskaupstaðar og ÞPB um kaup bæjarins á húsinu nr 6 við Dalbraut ásamt tilheyrandi lóðasvæði. Í bókun bæjarraðs þar um kemur fram að „Húsnæðið er hugsað sem þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara, sem bæði getur rúmað félagsstarf og viðburði af ýmsu tagi fyrir þennan ört stækkandi hóp auk þess sem starf með eldri borgurum á vegum Akraneskaupstaðar verður þar til húsa.“ Á aðalfundi FEBAN skömmu áður hafði Regínu Ásvaldsdóttur, bæjarstjóra, verið falið að tilkynna félagsmönnum um kaupin og að skoða mætti þau sem nokkurs konar gjöf í tilefni 25 ára afmælis félagsins. Í framhaldi af því var skipaður vinnuhópur er gera skyldi tillögur að uppbyggingu félagsstarfsemi í húsinu og leggja fram sundurliðaða og áfangamiðaða áætlun þar að lútandi. Sá hópur skilaði ítarlegum tillögum sínum síðla árs 2016.

Rétt er að minna á, að eftir afhendingu hússins voru fulltrúar stjórnar FEBAN kallaðir til og þeim á táknrænan hátt afhentir lykklar hússins sem viðurkenning Akraneskaupstaðar á yfirráðum félagsins. Því taldi bærinn sér einnig skylt að leita heimildar félagsins vegna tímabundinna afnota fimleikafélagsins á húsinu. Þá hefur núverandi formaður bæjarráðs einnig ítrekað, bæði á almennum félagsfundi FEBAN og í viðræðum við fulltrúa félagsins, fullvissað félagsmenn um að húsið yrði ekki tekið til annarra nota nema að höfðu fullu samráði við félagið. Þannig hefur Akraneskaupstaður á allan hátt viðurkennt að á var komið bindandi samkomulag milli aðila um afnotarétt og notkun hússins í samræmi við þá bókun bæjarins sem getið er um í upphafi.

Á þetta er minnt vegna þess að í byrjun þessa árs voru kynnt drög að nýju skipulagi þar sem ráð var fyrir því gert að húsið nr 6 við Dalbraut yrði rífið. Ekkert samráð var haft við FEBAN um þá hugmynd og sá þáverandi stjórn FEBAN sig tilneydda að senda bæjarstjórn ályktun þar að lútandi í bréfi dags 2 mars sl, en þar stóð: „Kynnt hefur verið nýtt skipulag, þar sem gert er ráð fyrir að rífa það hús (þ.e. Dalbraut 6) til þess að byggja þjónustumiðstöð aldara og öryrkja í einhverri óljóstri framtíð á þessum stað. Það geta eldri borgarar ekki sætt sig við og vilja að staðið verði við gefin fyrirheit og það sem fyrst.“ Aðalfundur FEBAN hinn 31. mars s.l. tók heilshugar undir þetta og krafðist þess að fyrirheit bæjarstjórnar stæðu.

Deiliskipulagið hefur nú verið lagt fram til endanlegrar afgreiðslu. Við kynningu þess kom fram að í stað Dalbrautar 6 væri nú gert ráð fyrir félagsaðstöðunni að Dalbraut 4. Við þá breytingu hefur FEBAN ekkert að athuga enda kemur sú bygging væntanlega fyrr til framkvæmda heldur en nr. 6. Vert er þó að vekja athygli á því að í greinargerð með deiliskipulagstillögunni er vart minnst á þessa breytingu nema sem heimild til að rífa niður hús nr. 6. Hins vegar kemur fram á skýringarupprætti að „ Heimilt verður að reka félagsstarfsemi á jarðhæð Dalbrautar 4. Flatarmál jarðhæðar verður þá mun stærra en efri hæða“

Þar með er ljóst af gögnum deiliskipulagsins að hið fyrra bundna loforð um félagsaðstöðu fyrir aldraða og öryrkja á svæðinu er rokið út í veður og vind og í stað þess kominn óljós valkostur um að heimilt verði að reisa félagsaðstöðu á þessum stað. Þessari breytingu hlýtur FEBAN að mótmæla harðlega. Félagsmenn hafa litið til framangreindra loforða bæjarstjórnar og bæjarfulltrúa sem bindandi og telja það óviðunandi vinnubrögð að ekki sé hægt að treysta ákvörðunum bæjarstjórna milli kjörtímabila eða marggefnum yfirlýsingum ráðandi bæjarfulltrúa. Félagið gerir því kröfu til þess að valkostinum verði breytt þannig, að skipulagið bindi það að á jarðhæð Dalbrautar 4 verði reist félagsheimili í samræmi við fyrri ákvarðanir, en að öðrum kosti verið heimild til niðurrifs Dalbrautar 6 ekki gefin, enda telur félagið sig hafa fengið ákvörðunarrétt þar að lútandi ásamt með kaupstaðnum.

Í sneiðmyndum í greinargerð skipulagsins kemur fram að ekki er gert ráð fyrir aukinni lofthæð í félagsheimilishæðinni heldur venjulegri íbúðalofthæð. FEBAN vill benda á óhjákvæmilega nauðsyn þess að þar verði gert ráð fyrir sömu lofthæð og í annarri miðbæjarstarfsemi svæðisins, enda gert ráð fyrir allnokkrum salarkynnum.

Akranesi 31 ágúst 2017

f.h stjórnar FEBAN



Viðar Einarsson, formaður



Jóhannes Ingibjartsson, varaformaður

Afrit sent í tölvopósti til bæjarfulltrúa og bæjarstjóra.